

9. gr.

Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, fyrir brot á reglugerð þessari eftir því sem nánar er um mælt í lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og lögum nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 151, 27. desember 1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí. 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151, 27. desember 1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands öðlast gildi 1. september 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu 3. maí 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um úthafs-rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

1. gr.

Skipum sem heimild hafa til veiða á úthafs-rækju er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

1. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði milli 14°30'V og 23°00'V allt árið.
2. Við Eldey eru rækjuveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.
3. Fyrir Vesturlandi austan 25°30'V milli 64°00'N og 65°30'N eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri. Þó er skipum með aflvísi 2000 eða lægri, heimilt að stunda veiðar á svæðinu.
4. a. Fyrir Norðurlandi á svæði milli 21°10'V og 18°00'V innan línu sem dregin er í 6 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar allt árið öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri og skipum með aflvísi 2000 eða hærri.
b. Fyrir Norðurlandi á svæði frá línu sem dregin er réttvísandi norður frá Horni að 18°00'V sunnan 66°40'N eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar, öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri á tímabilinu 1. júní til 15. september ár hvert. Þó er skipum með aflvísi 2000 eða lægri, heimilt að stunda veiðar sunnan línunnar, sbr. þó a-lið.

- c. Fyrir Norðurlandi á svæði milli 18°00'V og 16°00'V sunnan 66°40'N eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum sem eru 36 metrar að mestu lengd eða lengri á tímabilinu 1. apríl til 31. desember ár hvert. Þó er skipum með aflvísi 2000 og lægri, heimilt að stunda veiðar sunnan línunnar.

2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. eru rækjuveiðar á utanverðum Húnaflóa heimilar bátum sem eru 26 metrar að mestu lengd eða styttri og bátum með aflvísi 850 og lægri frá og með 15. júlí til og með 31. október ár hvert, utan línu sem dregin er milli eftirgreindra staða: Selskers, Gjögurs, Kálfshamars, Rífsness og Ásbúðarrífs.

3. gr.

Skylt er við rækjuveiðar á svæði sem skilgreint er í 1.-2. gr. að nota seiðaskilju við veiðarnar.

Seiðaskilja skal þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 22 mm. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 15. maí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 540, 9. september 1998, um úthafs-rækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytinum, 3. maí 1999.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skógarbæ — sjálfseignarstofnun í þágu aldraðra og sjúkra í Reykjavík.

1. gr.

Neðanskráðir aðilar stofna hér með sjálfseignarstofnun sem ber nafnið Skógarbær:

Reykjavíkurborg
 Reykjavíkurseild Rauða kross Íslands
 Verkamannafélagið Dagsbrún
 Starfsmannafélagið Sókn
 Kvennadeild Reykjavíkurseildar RKÍ
 Verkakvennafélagið Framsókn.